


# NÝTING FÉLAGSHEIMILA Í DALABYGGÐ

Skýrsla menningarmálanefndar Dalabyggðar



Málsnr. 2009015  
Nóvember 2021

## Aukin nýting félagsheimila í Dalabyggð

Vísað er til greinargerðar um menningarþörf og félagsheimili í Dalabyggð frá 16. fundi menningarmálanefndar og minnisblaðs dagsett 14. júní 2021 sem fylgir hér með, þar sem fjallað er um fjarfundi á vegum menningarmálanefndar Dalabyggðar 5. og 6. maí sama ár, þar sem farið var yfir notkun og rekstrarkostnað (2016-2020) hvers heimilis.

Þar sem ekki gafst tækifæri til staðfunda í félagsheimilunum, vegna COVID-19, þótti ástæða til að halda hugarflugsfundi í hverju þeirra þegar tækifæri gæfist. Á fundi menningarmálanefndar þann 18. október 2021 var ákveðið að halda fjóra fundi undir yfirskriftinni „Framtíð félagsheimilanna“ í eftirfarandi röð:

- 2. nóvember í Árbliki kl.20:00
- 4. nóvember í Tjarnarlundi kl.20:00
- 9. nóvember á Staðarfelli kl.20:00
- 11. nóvember í Dalabúð kl.20:00

Fundirnir voru fyrst auglýstir á heimasíðu Dalabyggðar (dalir.is) þann 25. október ásamt því að stofnaður var Facebook-viðburður. Þá var kynningu á fundunum fylgt eftir bæði á heimasíðu og Facebook.

Uppbygging fundanna var:

1. Ávarp formanns menningarmálanefndar.
2. Kynning á samantekt notkunar og rekstrarkostnaðar.
3. Erindi frá menningarfulltrúa SSV.
4. SVÓT greining.
5. Umræður fundargesta.
6. Skil á hugmyndum fyrir frekari/nýja nýtingu.
7. Fundarslit.

Hér á eftir fer samantekt frá hverjum fundi sem haldinn var ásamt niðurstöðum SVÓT greiningar og þær hugmyndir sem skiluðu sér varðandi nýtingu.

## Árblik

Fundurinn var haldinn 2. nóvember 2021. Það sem meðal annars kom fram er eftirfarandi:

### Styrkleikar:

- Staðsetning við þjóðveg.
- Tæknileg atriði (hitaveita, rafmagn, ljósleiðari) – til staðar/auðvelt að koma upp.
- Tjaldsvæði á staðnum.
- Spennandi rými, margir möguleikar á nýtingu, útleiga auðveld.
- Aðgengi að salernum á staðnum.
- Víðátta (lóðin stór, bílastæði næg).
- Umhverfið, náttúra í kring.
- Auðvelt aðgengi, sést frá vegi.
- Gott ástand hússins.
- Nóg landrými (t.d. uppbygging f. byggðasafn).
- Vestfjarðaleiðin liggur um Dali.

- Tenging við Snæfellsnes/Norðurland.
- Sögufrægir staðir í nágrenni.
- Hentar vel til gistingar (f. utan að ekki er leyfi).
- Hefur velvild samfélagsins.
- Gott kvenfélag til staðar sem hefur sinnt m.a. viðburðum í því.
- Íþróttavöllur nær tilbúinn.
- Aðstaða til funda góð (m.a. í kjallara).

#### Veikleikar:

- Ekki hægt að leigja til gistingar.
- Einhæfir rekstrarmöguleikar (a.m.k. við fyrstu sýn).
- Lítil notkun.
- Aðgengismál fatlaðra þarf að bæta.
- Eldhús: m.a. uppþvottaaðstaða ekki góð eða flutningsleiðir fyrir leirtau.
- Viðhaldspörf – ýmislegt smálegt sem safnast saman.
- Þakjárn þarfnast viðhalds.
- Opinber aðili sem á og rekur staðinn (sveitarfélagið).
- Fjármagnspörf.

#### Ógnanir:

- COVID-19, óvissa með framhaldið.
- Fækkun ferðamanna.
- Stjórnvaldsákvarðanir.
- Veður (vetrarharka, ófærð).
- Samgöngur.
- Staðsetning hússins (dreifbýli).
- Tilfinningatengsl við húsið.
- Fólksfækkun – kemur m.a. fram í færri viðburðum.
- Byggðarraskanir.
- Kröfur til reksturs (leyfi, reglur og lög).

#### Tækifæri:

- Veður og færð á Vestfjörðum (Vestfjarðaleiðin) – upplýsingamiðstöð/öryggisfulltrúi SafeTravel.
- Tilfinningatengsl við húsið.
- Fegrun umhverfis og plöntun á trjám.
- Söguhringur og Sturlungar.
- Möguleikar á uppbyggingu annarrar starfsemi á lóðinni.
- Ferðabjónusta á svæðinu.
- Gönguleiðir og útivist.
- Gistirými á svæðinu.
- Uppbygging/auka afþreyingu.
- Atvinnutækifæri falin í rekstri/nýtingu.
- LonelyPlanet.
- Lítil ljósmengun.

- Fámenni (rými, dreifbýlt).
- Staðsett á krossgötum.
- Ferðamennska á svæðinu ekki of þung.

#### Hugmyndir að notkun:

- Sportbar.
- Farfuglaheimili.
- Auglýsa eftir rekstraraðila til t.d. 5 ára.
- Uppbygging á gestastofu fyrir Vestfirði/Vestfjarðaleið.
- Fá rekstraraðila að húsinu með velvild frá sveitarfélaginu (m.a. varðandi viðhald), þá þarf að sjá til þess að almennir sveitaviðburðir geti áfram verið í húsinu samhliða.
- Starfsemi á þekk Breiðabliki s.s. ferðapjónustumiðstöð, upplýsingar, sögusýning, veitingasala og salerni.
- Inngangur að Vestfjarðaleiðinni, opið á salerni, upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn.
- Upplýsingar um Sturlunga.
- Leigja út húsið til einkaaðila eða félags.
- Tjaldsvæði, aðgangur að salerni og svipuð starfsemi og í Breiðabliki.
- Fá leyfi til að hægt sé að leigja út gístaðstöðu fyrir hópa t.d. hestamenn, hjólahópa, gönguhópa, söguhópa o.s.frv.

#### Tjarnarlundur

Fundurinn var haldinn 4. nóvember 2021. Það sem meðal annars kom fram er eftirfarandi:

#### Styrkleikar:

- Nálægð við kirkju (möguleikar á samnýtingu – veislur í kjölfar viðburða).
- Ungmennafélag á staðnum.
- Vestfjarðaleiðin.
- Staðarhóll og uppbygging sem á sér stað þar.
- Íþróttavöllur/tjaldsvæði.
- Salerni á staðnum.
- Fín staðsetning fyrir ættarmót.
- Er á krossgötum (Strandir, Reykhólar, Dalabyggð).

#### Veikleikar:

- Lítil notkun, viðburðum fækkað.
- Nálægð við aðra rekstraraðila sem gerir samkeppni erfiða.
- Vantar drifkraft til uppbyggingar.
- Lítil menningarþörf/lítill þátttaka.

#### Ógnanir:

- Fjarlægð frá búsetumöguleikum (m.a. fyrir mögulegan rekstraraðila).

#### Tækifæri:

- Svið fyrir sýningar.

- Tenging við Gullna söguhringinn.
- Brúðkaup/veisluhöld = pakkatilboð.
- Uppbygging gistimöguleika í nágrenni.
- Tækifæri fyrir núverandi rekstraraðila á svæðinu.

#### Hugmyndir að notkun:

- Leiksýningahús – leikhúsbúðir.
- Samnýting með uppbyggingu á Staðarhóli.
- Viðkomustaður á Vestfjarðaleið.

## Staðarfell

Fundurinn var haldinn 9. nóvember 2021. Það sem meðal annars kom fram er eftirfarandi:

#### Styrkleikar:

- Stærð heimilisins.
- Umhverfið, náttúra, dýralíf.
- Ljósleiðari kominn að húsinu.
- Göngu- og reiðleiðir.
- Staðsetning nærri Staðarfelli.
- Svið bæði inni og úti.
- Þarf ekki mikið til að setja upp sturtuaðstöðu.
- Kyrrðin (lítið áreiti).
- Samsetning gesta á svæðinu (þeir sem eru á ferðinni ætla þangað).
- Nálægð við kirkju.
- Nálægð við áhugaverða staði.
- Sagan á svæðinu.
- Fólk að flytja í sveitina.

#### Veikleikar:

- Viðhaldsþörf, þarf að fara í framkvæmdir.
- Vantar leyfi fyrir gistingu.
- Vantar húsvörð/gæslu/umsjón.
- Vegurinn að staðnum.

#### Ógnanir:

- Regluverk getur þyngst.
- Veður/færð, langt í vegaframkvæmdir.
- Hækkandi verð á raforku og öðrum aðföngum.
- Fólksfækkun.
- Eignarhald jarða/húsa á svæðinu, fer úr sveitinni/landinu = ekki fjölgun á meðan.
- Styrkveitingar sem hafa öfug áhrif á búsetu á svæðinu (t.d. skógrækt sem ekki er notuð til búsetu).

### Tækifæri:

- Salernisaðstaða á ferðaleið.
- Hentar vel til reksturs t.d. kaffihús.
- Góð staðsetning fyrir þá sem þurfa kyrrð til vinnu s.s. listamenn/vinnustofur.
- Nýjir land-/jarðareigendur sem hafa áhuga á svæðinu, landi og þjóð = hjálpa til við uppbyggingu.
- Samnýting/samstarf við Staðarfell.
- Tenging við byggðasafn ef það kemur að Staðarfelli.

### Hugmyndir að notkun:

- Kaffihús (sjá t.d. Sævang).
- Aðstaða fyrir „refil“ – sögusvæði.
- Aðstaða fyrir listamenn. Vinnustofur.
- Fá rekstur í húsið sem útilokar ekki aðra notkun s.s. veislur eða fundi.
- Sýningasalur eða sýningar í tengslum við byggðasafn/listasafn.
- Veitingasala getur farið með annarri nýtingu.
- Tengja við ferðamenn.

## Dalabúð

Fundurinn var haldinn 11. nóvember 2021. Það sem meðal annars kom fram er eftirfarandi:

### Styrkleikar:

- Er með góða notkun m.a. í tengslum við Auðarskóla, íþróttastarf og tómstundir.
- Nærri þjónustu og aðföngum – í Búðardal.
- Gott framleiðslueldhús, löglegt.
- Ekki brýn viðhaldsþörf.
- Miðsvæðis í sveitarfélaginu.
- Þekkt „vörumerki“.
- Hentar vel til stórviðburða.
- Vel búið svið.
- Fjölnota – mikið notagildi. Uppskipting möguleg, allar stærðir af rýmum.

### Veikleikar:

- Meiri notkun skóla getur haft áhrif á minni notkun fyrir annað s.s. fundi og slíkt sem er á skólatíma.
- Léleg sjálfsmynd samfélagsins – „þetta verður aldrei...“ „þetta klárast aldrei...“ „það breytist aldrei neitt...“
- Þörf á endurnýjun/viðhaldi vegna þess sem er orðið gamalt og klára frágang eftir leka.
- Fá bílastæði m.v. fulla notkun og framtíðarsýn. Hvar eiga gestir að leggja? En bílar með ferðavagna eða rútur?

### Ógnanir:

- Hver verða áhrif COVID-19 á stærri viðburði til lengri tíma?
- Ef kæmi nýr eigandi.
- Áföll – hrun, fólksfækkun, öldrun samfélagsins.

### Tækifæri:

- Uppbygging íþróttamannvirkja og samtenging þar við.
- Ef kæmi nýr eigandi.
- Flutningur á bókasafninu – meira aðgengi, hægt að fara í sund og glugga í bók undir „sama“ þaki.
- Gæti orðið samkomuhúsið í sveitarfélaginu.

### Hugmyndir að notkun:

- Aukin nýting fyrir skólann.
- Nýta í samfloti með nýju íþróttamannvirkjum.

## Niðurstaða menningarmálanefndar

Menningarmálanefnd þakkar gestum funda fyrir þeirra innlegg og upplýsingar.

Það er samnefnari með fundunum að íbúar Dalabyggðar virðast vilja fá meira líf í félagsheimilin á svæðinu. Á fundunum komu fram hinar ýmsu tillögur að notkun þeirra og ánægjulegt að sjá fjölbreytni þeirra. Þörfin fyrir aðra/nýja notkun kemur m.a. með breyttri samsetningu íbúa og nýjum áskorunum. Þó eru áhyggjur af því að missa þessi samkomuhús úr samfélaginu, þ.e. ef ekki verður hægt að nýta þau að einhverju leyti eins og áður var s.s. fyrir fundi, veislur, erfidrykkjur og viðburði eða skemmtanir.

Nefndin kom saman á fundi miðvikudaginn 17. nóvember til að fara yfir niðurstöðu fundanna og leggur eftirfarandi til við byggðarráð:

### Árblik:

Samkvæmt minnisblaði dagsettu 18. janúar 2021 um eignarhald félagsheimilanna er Dalabyggð 100% eigandi.

Félagsheimilið Árblik er töluvert mikið nýtt fyrir einkasamkvæmi og aðrar samkomur. Þar hefur kvenfélagið Fjóla staðið fyrir skemmtunum á hverjum vetri frá upphafi, til fjáröflunar fyrir félagið og síðan hefur fjármunum þeim er safnast verið varið til líknarmála og uppbyggingar hjá hinum ýmsu félagasamtökum á svæðinu.

Á hugarflugsfundum kom fram að stærsta tækifærið í aukinni nýtingu, væri falið í að opna einhverskonar gestastofu fyrir Vestfjarðaleiðina. Eða aðra menningarstarfsemi í tengslum við uppbyggingu á afþreyingu í ferðamálum.

Fram kom í máli fundarmanna á hugarflugsfundinum, að æskilegt sé að hægt verði að nýta félagsheimilið áfram til samfélagslegra viðburða og funda, þó að einhver starfsemi verði sett í húsið. Það er vissulega hægt að koma því við, enda er innra skipulag hússins þannig að auðvelt er að vera með nokkra óskylda viðburði í gangi á sama tíma, auk þess sem útiaðstaðan býður upp á sóknarfæri í ferðapjónustu.

Verði farið af stað með gestastofu, þarf að hugsa rekstrarformið vel, hvort að það verði í formi sjálfseignarstofnunar, einkahlutafélag eða húsneðið einfaldlega leigt út til reksturs.

### Tjarnarlundur:

Samkvæmt minnisblaði dagsettu 18. janúar 2021 um eignarhald félagsheimilanna á Ungmennafélagið Stjarnan 23,5% og sveitarfélagið Dalabyggð 76,5%.

Tjarnarlundur í Saurbæ. Þar kom fram að húsið er mjög vel staðsett til margra hluta nýtingar, hvort sem er innansveitar atburða eða í tengslum við Vestfjarðarleiðina og Sturlusetur á Staðarhóli.

Það kom fram að erfitt gæti orðið að finna húsnæði fyrir rekstraraðila að búa í á svæðinu, en hugsanlega væri eitthvert þeirra fyrirtækja sem starfrækt eru í ferðaþjónustu á svæðinu, tilbúin að taka að sér rekstur hússins undir þeirra starfsemi eða aukna starfsemi í menningarmálum ( sýningar, sögufræðsla, upplýsingaþjónusta og fl).

Það er alveg spurning um að skoða möguleika á rekstri sýninga á skáldum tengdum Döllum í nafni Sturlustofu/seturs. Það gæti verið sterkt innlegg í uppbyggingu á menningartengdri söguferðaþjónustu í Döllum í tengslum við vestfjarðaleiðina og gullna söguhringinn.

Þess ber þó að geta að allur rekstur sem þessi er nokkuð kostnaðarsamur og því er það spurning hvort að stofnað yrði sjálfseignarfélag um þá uppbyggingu eða það leigt út til rekstraraðila, sem gæti þá gert samstarfssamning við sveitarfélagið um árlegan rekstrarstyrk og hugsanlega keypt félagsheimilið og þar með skotið styrkari stoðum undir frekari uppbyggingu og rekstur. Þessar hugmyndir þarf að bera undir Stjórnuna sem á hlut í húsinu áður en málið er unnið áfram.

Einnig býður húsnæðið upp á það, vegna stærðar og innra skipulags, að hægt er að viðhalda nýtingu þess fyrir samfélagslega viðburði, svo sem minni skemmtanir og einakviðburði og hægur leikur að festa það í samstarfssamningi við rekstrarfélagið.

#### Staðarfell:

Samkvæmt minnisblaði dagsettu 18. janúar 2021 um eignarhald félagsheimilanna á sveitarfélagið Dalabyggð 65%, Kvenfélagið Hvöt á 20% og Ungmennafélagið Dögun 15%.

Staðarfell er mjög spennandi kostur fyrir uppbyggingu á einhverskonar listamiðju/listamannasetri, þar sem hægt er að bjóða fólki að koma og vinna að verkefnum sem síðan myndu enda með sýningu, eins og kom fram í máli nokkurra fundargesta. Samhliða væri hægt að vera með opin salerni og hugsanlega opið kaffihús hluta úr degi og húsnæðið myndi áfram nýtast til skemmtanahalds, einkaveisla og fl.

Þó er ástand hússins nú þannig að fara þarf í nokkrar framkvæmdir til að fá endurnýjað starfsleyfi, til að geta haldið viðburði þar sem fólki er stefnt saman í húsið. Því er spurning hvernig best verður staðið að því eða hvort að sveitarfélagið eigi að standa fyrir því að koma húsinu í það horf að starfsleyfi fái.

Staðarfell er í eigu ungmennafélagsins Dögunar og kvenfélagsins Hvatar (auk Dalabyggðar), sem hvoru tveggja eru starfrækt á Fellsströnd. Því er spurning hvort að sveitarfélagið taki samtalið um að eftirláta þessum félögum húsið til fullrar eignar. Félagin ættu þá húsið og myndu sjá um allan kostnað við rekstur, viðhald og uppbyggingu og hægt væri að skoða samstarfssamning við Dalabyggð, um rekstrarstuðning, verði húsnæðið nýtt til menningarstarfsemi. Það eru fordæmi frá öðrum sveitarfélögum að gera svona gerninga og jafnvel hafa þau afsalað sér húsunum til sjálfseignarstofnana sem sjá um rekstur verkefna í þessum húsum.

#### Dalabúð:

Samkvæmt minnisblaði dagsettu 18. janúar 2021 um eignarhald félagsheimilanna á Dalabyggð 82,1%, Ungmennafélagið Ólafur Páí 12%, Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir 4% og Búnaðarfélag Laxárdalshrepps 1,9%.



Það er viðurkennt að félagsheimilið Dalabúð, er í nokkuð mikilli notkun og með tilkomu íþróttamannvirkja á svæðinu og jafnvel tengdu við Dalabúð, má búast við töluvert meiri notkun á vegum skólans og annarrar starfsemi tengdri námi og íþróttum.

Salurinn þar er góður fyrir stórar samkomur og leiksýningar og þarf að taka ákvörðun um það hvort að við eigum að halda í salinn til slíkrar starfsemi, eða huga að því að nýta hann með öðrum hætti. Nefndin telur þó að slíkt sé ekki tímabært að hugsa og velta upp fyrir en búið er að hanna íþróttamannvirkin og sjá hvernig þau tengjast Dalabúð.

Ein ágætis hugmynd sem kom upp á hugarflugsfundinum, var að flytja bókasafnið yfir í Dalabúð og eða íþróttamannvirkin, með því móti er komin grundvöllur fyrir aukinni opnun og notkun á bókasafninu, samhliða rekstri á íþróttamannvirkjum. Þá mætti einnig hugsa sér að koma upp þægilegri vistarveru fyrir minni félög að hittast til reglulegrar samverustunda, t.d. félag eldri borgara. Í tengslum við það þá væri gaman að geta útbúið "verkstæði" í húsinu, þar sem handverksfólk gæti komið saman og unnið að sínum hugðarefnum. Með slíkri notkun færast líf í húsið og fleiri íbúar hafa notagildi af því.